

## AUGLÝSING

### um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 108 31. des. 1973, sbr. lækna­lög nr. 80 23. júní 1969, verður þar til öðruvísi verður ákveðið gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læk­nisstarfi við heilsugæslustöð hér á landi eða á hinum Norðurlöndunum fulla 4 mánuði að loknu námi í lækna­deild Háskóla Íslands eða við annan norrænan lækna­háskóla og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 500 10. des. 1979, með sama heiti, er hér með felld niður.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1982.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 86.

8. mars 1982.

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lög­reglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 320 18. júlí 1978.

1. gr.

47. gr. orðist svo:

Veitingastaðir og almennar knattborðsstofur skulu vera lokaðar frá kl. 23.30 til 07.00 og allir gestir sem eigi hafa þar náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er og skal þetta hvoru tveggja gilda nema öðruvísi sé fyrir­mælt í samþykkt þessari.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitinga­staðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lög­reglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga og reglna um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, samanber nú lög nr. 120/1947 og reglugerðir nr. 87/1976 og nr. 280/1979. Eigi skemmtun að standa lengur en til kl. 23.30 þarf leyfi lög­reglustjóra, og honum er heimilt að skipa svo fyrir að hýbýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sér­réttta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 02.00, enda sé slík sala megin­hluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lög­reglustjóra að hafa opið á laugardögum til kl. 2.30.

Lög­reglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Enn fremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.